

Bæjarstjórn - 28

FUNDARBOÐ

28. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 26. september 2024 og
hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2409002F - Landbúnaðarnefnd - 3

Lögð fram fundargerð 3. fundar landbúnaðarnefndar.

2. 2409003F - Velferðar- og jafnréttismálanefnd - 4

Lögð fram fundargerð 4. fundar velferðar- og jafnréttismálanefndar.

3. 2408004F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 37

Lögð fram fundargerð 37. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

4. 2408003F - Skipulagsnefnd - 24

Lögð fram fundargerð 24. fundar skipulagsnefndar.

5. 2409001F - Skóla- og fræðslunefnd - 15

Lögð fram fundargerð 15. fundar skóla- og fræðsunefndar.

6. 2409004F - Bæjarráð - 25

Lögð fram fundargerð 25. fundar bæjarráðs.

Lóðaumsóknir

7. 2409026 - Umsókn um lóð - H- lóð í Víkurhverfi

Lagðar fram umsóknir Skipavíkur ehf. og R101 ehf. um H - lóð í Víkurhverfi.

Bæjarráð vísaði, á 25. fundi sínum, málinu til bæjarstjórnarfundar þar sem dregið verður úr umsóknum.

Erindi til kynningar

8. 2305022 - Fundargerðir hafnasambands Íslands

Lagðar fram fundargerðir Hafnasambands Íslands.

9. 2409028 - Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2024

Lagt fram fundarboð á Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2024.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

10. 2409009 - Reglur sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stoðþjónustu

Lögð fram drög að reglum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stoðþjónustu.

Bæjarráð samþykkti, á 25. fundi sínum, reglur sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stoðþjónustu og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja þær.

11. 2310020 - Reglur um val og útnefningu heiðursborgara Sveitarfélagsins Stykkishólms

Lagðar fram reglur um val og útnefningu heiðursborgara Sveitarfélagsins Stykkishólms. Bæjarráð lagði til, á 25. fundi sínum, við bæjarstjórn að samþykkja reglurnar með áorðnum breytingum.

12. 2409021 - Laufásvegur 7 og 9 - Lóðarleigusamningar

Lögð fram drög að lóðarleigusamningum og lóðarblöðum fyrir Laufásveg 7 og 9.

Bæjarráð samþykkti, á 25. fundi sínum, lóðasamninga og fól bæjarstjóra að undirrita þá fyrir hönd sveitarfélagsins.

13. 2409024 - Ásklif 6, 8 og 10 - lóðarblöð

Lögð fram drög að lóðarleigusamningum og lóðarblöðum fyrir Ásklif 6, 8 og 10.

Bæjarráð samþykkti lóðasamninga á 25. fundi sínum, og fól bæjarstjóra að undirrita þá fyrir hönd sveitarfélagsins.

14. 2306018 - Vigraholt (Saurar 9) - br á aðalskipulagi 2024

Skipulagsnefnd samþykkti, á 24. fundi sínum, tillögu framkvæmdaraðila að breytingum í tillögu að breytingu á aðalskipulagi þ.m.t. að draga úr byggingarmagni á VP-1. Nefndin fól skipulagsfulltrúa að vinna með skipulagsráðgjafa að uppfæra greinargerð með hliðsjón af breytingum í greinargerð deiliskipulags.

Bæjarráð samþykkti, á 25. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar.

15. 2404030 - Vigraholt (Saurar 9) - Deiliskipulag 2024

Lögð er fram samantekt umsagna sem bárust á auglýsingartíma í samræmi við 1. mgr. 32. gr. og 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Einnig eru lögð fram uppfærð skipulagsgögn þar sem brugðist hefur verið við athugasemdum.

Þann 24. apríl 2024 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vigraholt í samræmi við 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni yfirferð Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd samþykkti þann 17.07.2024 (23. fundur) að framlögð gögn þ.m.t. skipulagsupprættir, greinargerðir, umhverfisskýrsla, sem inniheldur úttekt landeigenda á náttúrufari, og svör landeigenda við athugasemdum sem bárust á kynningartíma vinnslutillögunnar, séu fullnægjandi gögn fyrir auglýsingu tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og nýtt deiliskipulag fyrir Vigraholt í samræmi við 1. og 2. mgr. 41. gr. laganna. Tillögurnar voru auglýstar 24.07.2024 með athugasemdafresti til 06.09.2024.

Á 24. fundi skipulagsnefndar samþykkti skipulagsnefnd að sameiginlegar innkeyrslur að frístunda- og íbúðarhúsum verði þar sem því verður við komið. Skipulagsnefnd fól formanni nefndarinnar að uppfæra svör við athugasemdum og senda tillögurnar til yfirferðar Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. og 3. mgr. 4.1. gr skipulagslaga nr 123/2010 með fyrirvara um samþykki í bæjarstjórn. Auk minniháttar uppfærslna í greinargerð og umhverfisskýrslu, fól nefndin skipulagsfulltrúa að kalla eftir hnitaskrá og upplýsingum um hámarksbyggingarmagn á hverri lóð og að það verði sýnt á uppdrætti.

Bæjarráð samþykkti afgreiðslu skipulagsnefndar á 25. fundi sínum.

16. 2206035 - Kallhamar og Hamraendar - Skipulagsáætlanir (ASK br. og DSK)

Lögð er fram til afgreiðslu vinnslutillaga deiliskipulags fyrir grænan iðngarð við Kallhamar.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 24. fundi sínum, að kynna vinnslutillögu fyrir athafnasvæði við Kallhamar í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með þeim minniháttar uppfærslum sem ræddar voru á fundinum. Kynna skal vinnslutillögurnar samhliða breytingu á aðalskipulagi eftir yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 3. gr. 30. gr. laganna og vinnslutillögu deiliskipulags athafnasvæðis við Hamraenda.

Bæjarráð samþykkti afgreiðslu skipulagsnefndar á 25. fundi sínum.

17. 2406000 - Hamraendar deiliskipulag

Lögð er fram til afgreiðslu vinnslutillaga deiliskipulags fyrir athafnasvæði við Hamraenda.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 24. fundi sínum, að kynna vinnslutillögur fyrir athafnasvæðið við Hamraenda í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með þeim minniháttar uppfærslum sem ræddar voru á fundinum. Kynna skal vinnslutillögurnar samhliða breytingu á aðalskipulagi eftir yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 3. gr. 30. gr. laganna og vinnslutillögu athafnasvæðis við Kallhamar.

Bæjarráð samþykkti afgreiðslu skipulagsnefndar á 25. fundi sínum.

18. 2103029 - Stefna í málefnum nýrra íbúa

Á síðasta kjörtímabili var unnið að stefnumörkun í málefnum nýrra íbúa í Stykkishólmi með áherslu á fjölmenningu í Stykkishólmi. Skipaður var starfshópur sem náði ekki að ljúka sínum störfum fyrir lok kjörtímabils. Á 4. fundi velferðar- og jafnréttismálanefndar lýsti nefndin áhuga á að því að vinna áfram að stefnumörkun í málefnum nýrra íbúa í Stykkishólmi á grunni vinnu starfshópsins og ljúka þeirri vinnu sem hófst á síðasta kjörtímabili.

Bæjarráð fagnaði, á 25. fundi sínum, áhuga og vilja nefndarinnar og lagði til við bæjarstjórn að velferðar- og jafnréttismálanefnd verði falið að vinna áfram að stefnumörkun í málefnum nýrra íbúa í Stykkishólmi á grunni vinnu starfshópsins í samræmi við fyrirbyggjandi erindisbréf.

19. 2409018 - Forsendur fjárhagsáætlunar 2025-2028

Lagðar fram forsendur fjárhagsáætlunar 2025-2028. Bæjarráð samþykkti, á 25. fundi sínum, forsendur fjárhagsáætlunar 2025-2028 með áorðnum breytingum.

20. 2409015 - Viðauki 3 við Fjárhagsáætlun 2024-2027

Lagður fram viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2024-2027. Bæjarráð samþykkti, á 25. fundi sínum, viðauka 3 við fjárhagsáætlun 2024-2027.

21. 2312008 - Sjávarútvegsstefna og skelbætur

Lögð fram gögn vegna skel- og rækjubóta og stöðu þeirra mála sem tengjast tillögum sem settar eru fram í skýrslunni Auðlindin okkar-Sjálfbær sjávarútvegur og eru til meðferðar hjá matvælaráðuneytinu, ásamt ályktunum 23. fundar bæjarráðs þann 20. júní 2024 og 26. fundar bæjarstjórnar þann 27. júní 2024 þar sem minnt var á að bæjarstjórn Stykkishólms hafur ávallt lagt þunga áherslu á mikilvægi skelbóta fyrir atvinnulífið í Stykkishólmi og þar með samfélagið í heild. Í því sambandi var vísað til fyrri ályktana bæjarstjórnar.

Í fyrrnefndum ályktunum var tekið fram að talsmenn útgerða við Breiðafjörð, sem hafa nýtt skelbætur, hafi sent forsætisráðherra og matvælaráðherra erindi um að fyrirtækin fái fulla heimild til þess að nýta skelbæturnar áfram svo sem verið hefur. Jafnframt hafi talsmenn fyrirtækjanna sent inn lögfræðialit sem sýnir með skýrum hætti að verði skelbætur felldar niður bótalaut er um eignaupptöku að ræða. Í því sambandi var ítrekuð afstaða sveitarfélagsins að verði skelbæturnar felldar niður muni það skaða mjög starfsemi fyrirtækja í Stykkishólmi sem fara með 82.85% skelbótanna og valda miklum samdrætti í atvinnulífinu í Stykkishólmi sem er með öllu óásættanlegt. Matvælaráðherra og þingmenn kjördæmisins voru að lokum hvattir til þess að leita allra leiða til þess að tryggja að skelbæturnar verði veittar áfram eða gerðar upp með því að fyrirtækin fái sinn hlut í skelbótunum og geti nýtt hann við veiðar á bolfiski svo sem verið hefur.

Þar sem ekki liggur fyrir farsæl og sanngjörn niðurstaða í málinu er málið tekið upp í bæjarstjórn að nýju.

22. 2310023 - Hólar 5a - br á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Lögð er fram til afgreiðslu vinnslutillaga fyrir nýtt deiliskipulag á Hólum 5a í Helgafellssveit.

Þann 17.2.2024, samþykkti skipulagsnefnd (19) að heimila landeigendum að vinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir Hóla 5a. Nefndin fór fram á að skipulagið verði í framtíðinni grunnur að allri uppbyggingu á upprunajörðinni í samræmi við byggingarheimildir í gildandi aðalskipulagi og taki mið af heildarsamhengi uppbyggingar þannig að það myndi heildstæða einingu í samræmi við 2. mgr. 37. gr. skipulagslaga. Afgreiðsla nefndarinnar var staðfest í bæjarráði (19) og bæjarstjórn (22).

Þann 15. 4. 2024 tók skipulagsnefnd (21) jákvætt í framlögð drög að vinnslutillögu

deiliskipulags og samþykkti að auglýsa sameiginlega skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi. Afgreiðsla nefndarinnar var staðfest í bæjarráði (21) og bæjarstjórn (24).

Skipulagslýsingin var auglýst 5.-28.6.2024. Þann 17.7.2024 samþykkti skipulagsnefnd (23) samantekt og svör við athugasemdum sem borist höfðu og samþykkti fyrir sitt leyti að kynna vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingar og auglýsa tillöguna að undangenginni yfirferð Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu. Nefndin mælti með því að vinnslutillögurnar verði kynntar samtímis. Afgreiðsla nefndarinnar var staðfest í bæjarráði (24).

23. 2402019 - Ráðning fjármála- og skrifstofustjóra Sveitarfélagsins Stykkishólms

Lögð fram niðurstaða bæjarstjóra og ráðgjafa um ráðningu fjármála- og skrifstofustjóra. Var bæjarráði kynnt niðurstaða bæjarstjóra og ráðgjafa á 25. fundi bæjarráðs. Á fundinum samþykkti bæjarráð að vísa tillögu um ráðningu fjármála- og skrifstofustjóra til bæjarstjórnar.

24. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra

24.09.2024

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.